



# Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur Nr. 09/2023

Reykjavík, 30.6.2023

Málsnúmer: 2023060410

## Efni:

**Fastus**, að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, hefur stöðvað sölu og innkallað frá neytendum **eldhúsáhalð úr plasti** frá Paderno World Cuisine.

## Ástæða innköllunar:

Flæði 4,4'-Diaminodiphenylmethane ("arómatísk amín") fer yfir mörk sem sett eru í reglugerð um plast sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli.

## Hver er hættan?

Efni sem flæða úr matvælasnertiefnum í meira mæli en leyfilegt geta haft áhrif á öryggi matvæla.

## Upplýsingar um vöru sem innköllunin einkorðast við:

Vörumerki: **Paderno World Cuisine**

Vöruheiti: **PA+ plus Flexible Spatula**

Strikamerki: **8014808715020**

Framleiðsluland: **Kína**

## Heiti og heimilisfang fyrirtækis sem innkallar vöru:

Fastus, Síðumúla 16, 108 Reykjavík.

## Dreifing:

Verslun Fastus, Síðumúla 16, ýmis stóreldhús.

## Leiðbeiningar til neytenda:

Viðskiptavinir sem keypt hafa vöruna eru beðnir um að hætta notkun hennar og farga en einnig er hægt að skila henni til Fastus gegn endurgreiðslu.

## Nánari upplýsingar um innköllun:

Nánari upplýsingar um innköllunina veitir Fastus í síma 580 3900 eða í gegnum netfangið fastus@fastus.is.



Mynd(-ir):

